




VSÓ RÁÐGJÖF



HRINGVEGUR UM HORNAFJÖRÐ AUKIN EFNISTAKA VIÐ FJARÐARÁ

Matsskyldufyrirspurn

Nóvember 2024



Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Forsendur framkvæmda og tilgangur	2
3	Tilkynningarskylda	2
4	Staðhættir og verndarákvæði	3
4.1	Samræmi við skipulag	3
5	Framkvæmdalýsing	4
5.1	Framkvæmdatími	4
5.2	Leyfi sem framkvæmdin er háð	5
6	Umhverfisáhrif	5
6.1	Áhrif á vatnshlot og vatnalíf	6
6.2	Áhrif á landslag	8
7	Samráð	10
8	Niðurstaða mats	10
9	Heimildir	11



1 Inngangur

Framkvæmdir eru í gangi við Hringveg um Hornafjörð en álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar lá fyrir 7. ágúst 2009. Í tengslum við framkvæmdina áformar Vegagerðin aukna efnistöku úr Fjarðará í Lóni, efnistökusvæðum E16 og E17. Efnistaka á svæðinu var til umfjöllunar í umhverfismati Hringvegur um Hornafjörð. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 – 2030.

Í matsskyldufyrirspurn er gerð grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar, samræmi við skipulag og mögulegum áhrifum á umhverfið. Einnig eru lagðar til mótvægisáðgerðir og verklagsreglur á framkvæmdatíma til að draga úr mögulegum áhrifum þar á. Áhersla er á að fjalla um umhverfispætti er varða breytingar á framkvæmd og eru þeir vatnshlot, lífríki vatns, og landslag og ásýnd.

2 Forsendur framkvæmda og tilgangur

Þörf er á 20.000 m³ meira efni úr efnistökusvæðum við Fjarðará vegna framkvæmda við Hringveg um Hornafjörð. Þegar hefur framkvæmdaleyfi verið gefið út fyrir 49.900 m³ úr námunum tveimur.

Með aukinni efnistöku úr Fjarðará verður efnistökusvæðinu Friðsæld hlíft við frekari efnistöku. Sú náma var einnig til umfjöllunar í umhverfismati framkvæmdarinnar og er um að ræða opna námu í skriðum og aurkeilu fyrir austan bæinn Dynjanda (mynd 2.1).

Í álit Skipulagsstofnunar um framkvæmdina, dags. 7. ágúst 2009, kom fram að „*Að mati stofnunarinnar mun frekari vinnsla efnis úr námunni Friðsæld, austan við bæinn Dynjanda, hafa í för með sér veruleg neikvæð áhrif á landslag þar sem sár í hlíðinni mun sjást víða að um ókomna tíð. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að leitað verði allra mögulegra leiða til þess að komast hjá frekari efnistöku úr Friðsæld og ráðist verði í að ganga frá námunni*“.



Mynd 2.1 Efnistökusvæðið Friðsæld. Mynd úr umhverfismatsskýrslu Hringvegur um Hornafjörð (Vegagerðin og VSÓ Ráðgjöf, 2009).

3 Tilkynningarskylda

Óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar byggða á tölulíð 13.02 og 10.08 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum (Tafla 3.1).

Framkvæmdin er tilkynningarskyld þar sem hún fellur í flokk B, sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og meta skal í hverju tilviki, með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skuli mati á umhverfisáhrifum.



Tafla 3.1 Tilkynningarskylda framkvæmdar til Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum.

2.2	Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölul. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m ³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.	B
13.02	Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A, utan þess sem fellur undir tölul. 13.01, og flokki B sem hafa verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.	B

4 Staðhættir og verndarákvæði

Námur E16 og E17 eru á áreyrum Fjarðará í Lóni, annars vegar ofan vegar og hins vegar neðan vegar (sjá nánar mynd 5.1). Námuvegur, slóði, liggur að námusvæðunum. Áreyrarnar eru að mestu gróðursnauðar. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er um að ræða vistgerðir á framkvæmdasvæði eyðimelavist og auravist sem eru fremur þurrar og grýttar áreyrar og framburðarsléttur með jökulám og dragám. Gróðurþekja er mjög lítil til miðlungs og þá með mjög lágvöxnum frumherjagróðri. Fuglalíf er almennt talið rýrt og fábreytt. Verndargildi vistgerðanna er lágt til miðlungs og er útbreiðsla þeirra þó nokkur á landinu (Náttúrufræðistofnun, 2024).




Mynd 4.1 Horft yfir námusvæðið, norðan Hringvegur. Mynd: Google Maps, 2024.

4.1 Samræmi við skipulag

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 eru tvær námur skilgreindar við Fjarðará, náma E16 og E17, sitt hvoru megin við Hringveg (mynd 4.2). Samkvæmt aðalskipulagi eru þær í flokki 3 þar sem stærðarmörk gera ráð fyrir að taka megi 10.001-49.999 m³ úr hvorri námu fyrir sig. Einnig kemur fram að hægt sé að veita framkvæmdaleyfi byggt á stefnumörkun aðalskipulags, enda komi þar fram stærð námu, staðsetning og tegund efnis. Aukin efnistaka á svæðinu er í samræmi við aðalskipulag.



Mynd 4.2 Skjáskot af námunum E16 og E17 á skipulagsupprætti Aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030.

5 Framkvæmdalýsing

Mynd 5.1 sýnir afmörkun efnistökusvæðanna. Í framkvæmdum hingað til hefur efni að stærstum hluta verið tekið ofan Hringvegjar. Efni verður tekið innan sömu afmörkunar efnistökusvæða og skilgreint var í fyrra framkvæmdaleyfi þar sem stærð E17 er 6,0 hektarar og stærð E16 er 8,5 hektarar en efni verður tekið á mun minna svæði en hér er afmarkað. Vinnsludýpi er áætlað 1-2 m.



Mynd 5.1 Afmörkun efnistökusvæða E16 og E17.

Efni áreyranna er almennt séð mól og berggerðir mjög fjölbreyttar. Náman verður notuð í burðar- og styrktarlag. Frágangur námusvæðisins mun felast í að jafna út alla bakka og slétta úr ójöfnum á svæðinu. Fjarðará mun geta runnið um svæðið og þannig mun hún sjá um lokafrágang. Í kafla 6.1. um áhrif á vatnshlot og vatnalíf eru skilgreint verklag sem verður viðhaft á framkvæmdatíma til að lágmarka áhrif á lífríki.

5.1 Framkvæmdatími

Farið verður í aukna efnistöku þegar tilskilin leyfi liggja fyrir. Áætluð verklok framkvæmdar um Hringvegjar um Hornafjörð eru desember 2025.



5.2 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Aukin efnistaka er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkvæmt 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna matsskyldra framkvæmda. Framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu samkvæmt 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungaveiði.

6 Umhverfisáhrif

Helstu áhrifaþættir breytingar á framkvæmd felast í auknu raski vegna efnistöku. Við vinsun umhverfisþátta er lögð áhersla á þá umhverfisþætti sem talið er að verði fyrir áhrifum af viðkomandi framkvæmd. Umhverfisþættir til skoðunar í matsskyldufyrirspurn eru vatnshlot og vatnalíf ásamt landslag og ásýnd. Í ljósi staðsetningar er efnistakan ekki líkleg til að hafa áhrif á fornleifar, gróður, fuglalíf eða landnotkun. Í töflu 7.1 má sjá þau viðmið sem höfð eru til hliðsjónar í matinu. Í mati á áhrifum er stuðst við vægiseinkunnir (tafla 7.2) sem byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun, 2005).

Tafla 7.6.1 Viðmið sem eru höfð til hliðsjónar í matsskyldufyrirspurn þessari.

Umhverfisþáttur	Viðmið
Vatnshlot og vatnalíf	Aðalskipulag sveitarfélagsins Hornafjörður 2012 – 2030; Lög um stjórn vatnamála 36/2011; Vatnaáætlun Íslands 2022 – 2027; Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns; Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns; Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn; Lög nr. 61/2006 um lax- og silungaveiði.
Landslag og ásýnd	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd; Náttúruminjaskrá; Aðalskipulag sveitarfélagsins Hornafjörður 2012 – 2030; Landslagssamningur Evrópu.

Tafla 7.6.2 Vægiseinkunnir umhverfisþátta

Mjög jákvæð	Jákvæð	Óvissa
<ul style="list-style-type: none"> Veruleg jákvæð breyting á einkennum. Áhrif eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks. Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf. Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta verulega. Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. 	<ul style="list-style-type: none"> Jákvæð breyting á einkennum umhverfisþátta. Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta. Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf. 	<ul style="list-style-type: none"> Óvissa og þ.a.l. ekki hægt að fullyrða um áhrif. Skortur á upplýsingum. Óvissa ríkir um hvort/hvernig breyting muni ná fram að ganga. Óvissa um hvaða aðgerðir áætlan mun hafa í för með sér.
		Engin áhrif / á ekki við
		<ul style="list-style-type: none"> Engin áhrif / á ekki við.
Mjög neikvæð	Neikvæð	Óveruleg
<ul style="list-style-type: none"> Veruleg breyting á einkennum umhverfisþátta. Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks. Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþátta verulega. Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf. 	<ul style="list-style-type: none"> Breyting á einkennum umhverfisþátta. Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþátta. Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf. Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. 	<ul style="list-style-type: none"> Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfisþátta. Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítills fjölda fólks. Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfisþátta. Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.



6.1 Áhrif á vatnshlot og vatnalíf

Rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns (Directive 2000/60/ESB) var innleidd árið 2011 með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í kjölfarið fylgdu tvær reglugerðir, nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Markmið tilskipunarinnar er að ástand yfirborðs- og grunnvatns sé ávallt gott og er gerð sú krafa að öll vatnshlot séu í góðu vist- og efnafræðilegu ástandi og viðhaldist þannig (Umhverfisstofnun og stjórn Vatnamála, 2022).

Straumvatnshlot

Efnistökusvæðin E16 og E17 eru við Fjarðará í Lóni. Fjarðará er um 7 km löng og á hún upptök sín í Endalausadal en fellur í Papaós. Vatnasviðið er 32 km² við núverandi brú á þjóðvegi 1. Fjarðará er hluti af vatnshlotinu Fjarðará/Skarðdalsá (103-1053-R). Í vatnavefsja stjórnna vatnamála kemur fram að vatnshlotið sé undir staðbundnu álagi af sorpurðun í landi Fjarðar (Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands, 2021). Hæðarmunur innan vatnasvæðisins er um 900 m en algengt rennsli árinna er um 2-3 m³/s. Fjarðará getur orðið mjög vatnslítill og jafnvel neðantil runnið í aurinn á köflum þannig að farvegur árinna verði þar þurr. Í Fjarðará geta hins vegar orðið miklir vatnavextir og rennslið farið í allt að 25 m³/s (EFLA, 2011).

Í Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 kemur fram að meta eigi vistfræðilegt ástand vatnshlota með gæðapáttum sem sýndir eru í eftirfarandi töflu Tafla 6.3.

Tafla 6.3 Líffræðilegir- og eðlisefnafræðilegir gæðapáttir í straumvötnum sem ákveðið hefur verið að nota til að meta vistfræðilegt ástand vatnshlota í fyrsta vatnahring (2022 – 2027) (Umhverfisstofnun og stjórn Vatnamála, 2022).

Straumvötn	
Botnþörungur	Blaðgræna <i>a</i> á steinum.
Hryggleysingjar	Tegundasamsetning, tegundafjölbreytileiki og fjöldi botnlægra hryggleysingja. Tegundasamsetning rykmýs út frá greiningum á púpuhömum.
Eðlisefnafræði	Sýrustig (pH)
	Styrkur súrefnis
	Basavirkni
	Leiðni
	Sjónkýpi
	Næringarefni Nítrat (NO ₃), Fosfat (PO ₄) og Ammóníum NH ₄ .

Ekki eru þekktar upplýsingar um lífríki árinna og ekki hefur farið fram rannsókn á viðkomandi stað. Óskað var eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdaleyfi fyrir 49.900 m³ efnistöku úr námunum við Fjarðará og byggist eftirfarandi umfjöllun um lífríki árinna á þeirri umsögn (Hafrannsóknastofnun, 19.02.2024).

Ár sem eiga upptök sín á hálendum svæðum með þéttan blágrýtisberggrunni og þar sem snjóbráðar gætir lengi fram eftir sumri, eru gjarnan stuttar, kaldar og snauðar af næringar-efnum. Þannig háttar til á vatnasviði Fjarðará og mörgum ám á Austfjörðum. Við slík skilyrði verður lífríki fábreytt og af fiskum er sjóbleikja ríkjandi tegund. Þótt ekki hafi farið fram fiskrannsóknir í Fjarðará má gera ráð fyrir að í hana gangi sjóbleikja sem elst að hluta upp í Papaósi og gangi til hrygningar í ána og þar alist seiðin upp og gangi síðan í ósinn þegar þau ná sjógöngustærð. Þar kann einnig að vera sjógönginn urriði. Rannsóknir á nálægri á, Laxá í Lóni, sýndi aðallega bleikjuseiði en einnig urriðaseiði.

Samkvæmt upplýsingum Vilhjálms Geirs Þórhallssonar frá Efra-Firði, sem er bær norðan árinna, veit hann ekki til þess að stunduð hafi verið veiði í áni (Veiðimálastofnun 2010).



Veiði er að hans sögn eitthvað stunduð í Papaósi. Veiðist þar aðallega urriði en einnig bleikja en henni hefur fækkað á síðari árum. Þar getur verið að hluta um að ræða fisk úr Fjarðará. Áin er að öllum líkindum fiskgeng að vegi og af kortum má ráða að fiskgengi hluti árinna sé a.m.k. 3 – 4 km, þ.a. er rúmur km neðan vegar. Til viðbótar er líklegt að fiskur geti gengið í um 3 km af farvegum í hliðaránum.

Við framkvæmdir við ár og vötn er mikilvægt að huga vel að verndun vatnsgæða og lífríkis í vatni. Þetta á jafnt við um rask á farvegum og umhverfis þeirra, sem og almenna umgengni. Áhrif framkvæmda geta komið fram utan framkvæmdasvæðis. Afföll í seiðastofnum geta haft áhrif á viðgang stofna, fiskgengd, veiðimöguleika og verðmæti veiða síðar.

Hrygning laxfiska fer fram í október og nóvember. Hrogn eru þá grafin í malarbotn og liggja í mölinni yfir veturinn. Þau klekjast að vori og í júní synda seiðin upp úr mölinni og lifa fyrsta skeiðið á malarsvæðum. Á árbotninum lifa smádyr sem seiðin nærast á. Mest eru það lirfur vatnaskordýra. Seiðin færa sig á grófgrýttari botn til að finna sér skjól eftir því sem þau stækka. Almennt eru skilyrði til uppeldis seiða best þar sem botn er hæfilega grófur og nokkur straumur, en þar finna seiðin sér fæðu og skjól fyrir afræningjum. Urriði og bleikja nýta sér í ríkara mæli lygn svæði en lax, jafnvel þótt þar sé fíngerður botn. Þá hefur vatnshiti áhrif á lífsskilyrði seiða og vaxtarhraða, bleikja er kuldakærust en lax hitakærastur og urriði þar á milli.

Hjá sjógengnum stofnum laxfiska ganga seiðin til sjávar þegar sjóþroska er náð, sjógönguseiði. Gjarnan eru það seiði sem eru 10 cm eða stærri. Flest seiði ganga til sjávar á vorin. Fiskarnir alast síðan upp í sjó eða ísöltum ósum þar til stærð og þroska er náð til að ganga aftur í ferskvatn. Lax er samfellt eitt til tvö ár í sjó þar til hann verður kynþroska og snýr aftur í árna til að hrygna. Bleikja og urriði eru einungis nokkra mánuði í sjó frá vori áður en þau snúa aftur í árna, jafnvel þótt kynþroska sé ekki náð. Þessar tegundir eru því ekki í sjó að vetrarlagi, allur stofninn er þá í fersku vatni.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er áhersla lögð á mikilvægi þess að framkvæmdin valdi sem minnsti truflun á göngu fiska, bleikju og urriða, og að efni sé ekki tekið úr virkum farvegi árinna, eða það nærri árfarvegi að árvatnið geti flætt á efnistökuastað. Stofnunin bendir jafnframt á að áin hefur borið fram og fellur um gríðarlega mikla aurkeilu og því má áætla að efnistaka geti verið möguleg utan virks farvegar árinna. Áhrif efnistöku úr ám verða með beinum hætti á þær lífverur sem fyrir eru á námasvæðinu. Ofan við efnistökuastaðinn eykst straumhraði vegna aukins hæðarmunar og aukið efnisskið á sér stað sem hefur áhrif á lífríki á því svæði. Í verstu tilvikum situr aðeins eftir stórgrýti eða klöppin ein. Áhrif þessa geta náð langt upp fyrir efnistökusvæðið.

Hafrannsóknastofnun telur upp eftirfarandi atriði í umsögn sinni sem helst þarf að hafa í huga til að lágmarka áhrif á lífríki árinna meðan á framkvæmdum stendur. Vegagerðin og verktaki hafa farið eftir þessum atriðum í efnistöku á svæðinu og munu gera það áfram með aukinni efnistöku. Ekki verður tekið efni úr virkum farvegi árinna.

1. Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn árinna svo sem grugga það upp, breyta hitastigi þess eða setja óæskileg efni í það.
2. Ef veita þarf ánni frá framkvæmdastað meðan vinna fer fram skal koma í veg fyrir að grugg og óæskileg efni berist frá framkvæmdastað. Mikilvægt er að hjáveita sé göngufær fiski.
3. Hreinsa skal öll áhöld og vélar sem notuð eru í eða við ána þannig að tryggt sé að olíur, bensín eða önnur skaðleg efni sem geta verið á áhöldum eða vélum berist ekki í árvatnið.



4. Reynt skal að takmarka framkvæmdasvæðið í ánni eins og kostur er og gæta þess að spilla ekki árbökkum frekar en nauðsynlegt er framkvæmdarinnar vegna.
5. Gengið sé þannig frá efni sem nauðsynlegt er að grafa upp úr árfarvegi, að ekki skolist úr því grugg niður í árvatnið í rigningu.
6. Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að ekki verði nein hættu á að lífríki skaðist.

Í leyfi Fiskistofu fyrir fyrri efnistöku af svæðinu, dags. 29.02.2024, er lögð áhersla á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Með framangreindu verklagi og mótvægisáðgerðum er ekki talið líklegt að aukin efnistaka hafi áhrif á gæðapætti vatnshlotsins og framkvæmdin sé því ekki líkleg til að valda því að vatnshlot hnigni eða nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Grunnvatnshlot

Undir fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er grunnvatnshlotið Austfirðir (102-292-G). Inni á vatnavefsíja (Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands, 2021) er skráð staðbundið álag á vatnshlotið vegna öskuhauga eða sorplosunar. Vatnshlotið er ekki metið í hættu um að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum um gott ástand (Umhverfisstofnun og stjórn Vatnamála, 2022). Í Vatnaáætlun 2022-2027 (Umhverfisstofnun og stjórn Vatnamála, 2022) kemur fram að meta skuli ástand grunnvatnshlota með eftirfarandi efnafræðilegum gæðapáttum: súrefnisinnihald, sýrustig (pH), leiðni, níturat og ammóníum. Aðrir gæðapættir sem nota má eru m.a. rafleiðni, virk efni í varnarefnum, arsen, kadmíum, blý, kvikasilfur, ammóníum, klóríð, sulfat, nítroit og fosfat auk summu triklóetýlens og tetraklórétýlens.

Við efnistöku almennt er sú hættu til staðar að mengun berist í grunnvatn ef óhöpp verða t.d. ef olía eða glussi lekur frá tækjum, vörubílum eða bifreiðum. Með markvissu viðhaldi og eftirliti er hægt að lágmarka þessa áhættu og á framkvæmdatíma verða gerðar ráðstafanir til að forðast mengunarslys og fyrirbyggja dreifingu mengunar ef mengun berst í jarðveg. Ekkert þeirra efna sem notuð eru til viðmiðunar um að meta ástand grunnvatnshlota eru talin geta borist í grunnvatn vegna framkvæmdanna. Efnistaka hefur almennt ekki áhrif á magnstöðu grunnvatnshlota. Framkvæmdin er ekki líkleg til að hafa þau áhrif að grunnvatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum um gott efnafræðilegt ástand og góða magnstöðu.

Niðurstaða mats

Aukin efnistaka úr námu við Fjarðará er ekki líkleg til að valda því að grunn- og yfirborðsvatnshlot nái ekki umhverfismarkmiðum sínum né hafa umfangsmikil áhrif á lífríki árinna. Áhrifin eru staðbundin og koma ekki til með að breyta einkennum umhverfisþátta á svæðinu. Áhrif eru metin óveruleg.

Áhrif á vatnshlot og vatnalíf	
Lýsing áhrifa	Ekki er talið líklegt að aukin efnistaka hafi áhrif á gæðapætti vatnshlotsins. Framkvæmdin er ekki líkleg til að valda því að vatnshlot hnigni eða nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.
Mótvægisáðgerðir	Farið verður eftir verklagi og mótvægisáðgerðum sem Hafrannsóknastofnun og Fiskistofa hafa lagt fram í leyfi og umsögnum um fyrri efnistöku á svæðinu.
Niðurstaða	Óverulega neikvæð áhrif

6.2 Áhrif á landslag

Samkvæmt flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landsvísu (EFLA og LCU, 2020) eru efnistökusvæðin innan svæðisins Lón, Álftafjörður og Hamarsfjörður að Djúpavogi



(undirflokkur nr. 7.3.2). Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „*Sunnanverðir Austfirðir, frá Vestrahorni að Berufirði. Land nær frá sjó upp í um 150 m hæð yfir sjávaramáli. Grunnir firðir eða breiðar víkur einkenna ströndina. Fyrir firðina ganga sandrif og inn af fjörðum eru leirur, sendnar strendur og sjávarlón. Úti fyrir ströndum eru nokkrar eyjar og sker, t.d. Papey. Mjóir dalir ganga inn af ströndum milli brattrar fjalla. Yfirborð er votlendi, mólendi eða mosi, og vaxið kjarri í inndölum. Jökulsá í Lóni rennur frá Vatnajökli til sjávar. Dreifð byggð er á svæðinu, auk þéttbýlisstaðar.*“

Efnistökusvæðið einkennist af áreyrum Fjarðarár og er gróðurþekja lítil. Mynd 6.1 og mynd 6.2 sýna ásýnd svæðis beggja vegna Hringvegur við Fjarðará.



Mynd 6.1 Horft eftir Fjarðará, suður af Hringvegi. Mynd: Já.is, tekin í júní 2023.



Mynd 6.2 Horft eftir Fjarðará, norður af Hringvegi. Mynd: Já.is, tekin í júní 2023.

Efnistakan mun fela í sér rask á framkvæmdatíma. Frágangur námusvæðisins mun felast í því að jafna út alla bakka og slétta úr ójöfnum á svæðinu. Fjarðará mun geta runnið um svæðið og sjá um lokafrágang og þannig er gert ráð fyrir að með tímanum munu ummerki um efnistöku hverfa.

Niðurstaða mats



Framkvæmdin er ekki líkleg til að breyta einkennum landslags og eru áhrif staðbundin og tímabundin. Áhrif eru metin óveruleg.

Áhrif á vatnshlot og vatnalíf	
Lýsing áhrifa	Staðbundið rask á framkvæmdatíma.
Mótvægisáðgerðir	Frágangur námusvæðisins mun felast í því að jafna út alla bakka og slétta úr ójöfnum á svæðinu. Fjarðará mun geta runnið um svæðið og sjá um lokafrágang.
Niðurstaða	Óverulega neikvæð áhrif

7 Samráð

Áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsskyldu mun hún leita umsagna til umsagnaraðila eftir því sem við á eftir eðli máls hverju sinni, svo sem til fagstofnana og leyfisveitenda.

8 Niðurstaða mats

Framkvæmdin er líkleg til að hafa óveruleg áhrif á umhverfisþætti. Vegagerðin og verktaki munu áfram vinna eftir þeim áherslum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu um tilhögun framkvæmda og frágang sem komu fram í umsögn þeirra og leyfisveitingu fyrir fyrri efnistöku á svæðinu. Áhrif á landslag eru tímabundin og er líklegt, með hjálp Fjarðará, að ummerki efnistöku munu hverfa með tímanum.

Tafla 8.1 Samantekt yfir áhrif framkvæmda á einstaka umhverfisþætti.

	Vatnshlot og lífríki vatns	Landslag
Aukin efnistaka	Óverulega neikvæð áhrif	Óverulega neikvæð áhrif

Framkvæmdin kallar ekki á aðalskipulagsbreytingu, en aukin efnistaka er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Vegna nálægðar við Fjarðará er framkvæmdin einnig háð leyfi Fiskistofu.

Að teknu tilliti til umhverfisáhrifa vegna umfangs, eðlis og staðsetningar fyrirhugaðrar framkvæmdar, samanber töflu 8.1, hér að framan, telur Vegagerðin að ekki sé um að ræða matsskylda framkvæmd.



9 Heimildir

- EFLA. (2011). *Urðunarstaður á mel í landi Fjarðar í Lóni. Áhættumat vegna bráðamenguar og viðbragðsáætlun*. EFLA og Sveitafélagið Hornafjörður. .
- EFLA og LCU. (2020). *Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu*. Unnið fyrir Skipulagsstofnun.
- Hafrannsóknastofnun. (19.02.2024). *Efnistaka vegana vegaframkvæmd á Hringveginum í Lóni. Áhrif á lífríki í vatni*. . Hafrannsóknastofnun.
- Náttúrufræðistofnun. (19. september 2024). *Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði*. Sótt frá <https://vistgerdakort.ni.is/>
- Skipulagsstofnun. (2005). *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun og stjórn Vatnamála . (2022). *Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022-2027*. Umhverfisstofnun.
- Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands. (2021). *Vatnavefsjá*. Sótt frá <https://vatnavefsja.vedur.is/#>
- Vegagerðin og VSÓ Ráðgjöf. (2009). *Hringvegur um Hornafjörð. Matsskýrsla. Mat á umhverfisáhrifum*. Vegagerðin.